

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Stolt See Farm Holdings



<b>Dags eftirlits</b>	9.9.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Erna Karen Óskarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Stolt Sea Farm Holdings	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Vitabraut 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	6909110480	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefán Árnason	<b>Staðsetning</b>	N63 49,54 V22 42,56

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit, annars vegar varðandi skil á ársskýrslu og hins vegar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Einnig voru gerðar tvær athugasemdir varðandi tryggingar v. bráðamengunar hafs og stranda og niðurstöður mælinga skv. vöktunaráætlun vantar.

## UMFANG EFTIRLITS

Matvælastofnun sá um framkvæmd eftirlitsins og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Yfirlitinu hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Ársyfirliti var skilað með tölvupósti þann 1. október sl.
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 og útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008 og skila árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Skiladagur er 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 1. október sl.

## ATHUGASEMDIR

Staðfestingu á gildandi tryggingu vegna bráðamengunar hafs- og stranda skv. gr. 4.7 í starfsleyfi vantar. Rekstraraðili var ekki með staðfestingu á gildandi tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda en eldra skirteini er til staðar. Nýtt skirteini var sent eftirlitsaðila með tölvupósti þann 6. október sl. þar sem fram kemur að tryggingar eru til staðar hjá JLT Specialty Insurance Services, Huston. Telur eftirlitsaðili ekki koma næginlega vel fram í skýrteininu að um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sé um að ræða og er því óskað eftir rökstuðningi þess efnis eða að rekstraraðili kaupi tryggingu þess efnis hjá tryggingafélagi sem hefur EES staðfestu (fulltrúa hérlandis).

Niðurstöður mælinga á sýnatökum úr borholum og kælivatni frá virkjun skv. vöktunaráætlun hafa ekki borist eftirlitsaðila fyrir árið 2015. Bent er á að mæla þarf árlega í borholum og 3 sinnum á ári í kælivatni skv. áætluninni.

## ANNAÐ

Huga þarf að auknu flæði í frárennlistokk og fylgjast vel með að það flæði ekki upp úr honum við aukið rennsli frá stöðinni.

Reykjavík, 21.09.2015

*Erna Karen Óskarsdóttir*

Erna Karen Óskarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.